



***Fornleifaskráning vegna lagningu jarðstrengs við
Litla-Sandfell, Skriðdal, Múlapingi.***



Indriði Skarphéðinsson

2025

Forsíðumynd: Stekkur [3510-002] mynd tekin til austurs.




© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Nóvember 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Fornleifaskráning	3
Litla-Sandfell	3
[3510-001] tóft – stekkur	4
[3510-002] heimild – Fjárhús – Ranahús.....	4
Niðurstöður	5
Heimildaskrá:	5
Viðauki I. Vegna Tilfnis	6
Samantekt.....	6
Viðauki II. Minjaskrá.....	7
Viðauki III. Minjakort.....	7



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.


Abstract

RARIK commissioned *Sagnbrunnur ehf.* to carry out an archaeological survey of the area affected by the planned installation of an electrical cable near Litla-Sandell, Skriðdalur, Múlaþing. The project is registered under number 3510. During fieldwork, two features were recorded: *stekkur* [3510-001] and *Ranahús* [3510-002]. Of these, only *stekkur* [3510-001] is considered to be at risk from the development. Protective measures were therefore implemented to prevent damage to the archaeological remains. The Cultural Heritage Agency of Iceland will determine the appropriate level of preservation for the remains in accordance with the Icelandic Heritage Act No. 80/2012.

Inngangur

Að beiðni RARIK ehf. tók Sagnabrunnur ehf. að sér fornleifaskráningu á leið strengs í landi Litla-Sandfells í Skriðdal, Múlaþingi. Fulltrúi verkkaupa var Haraldur Klausen og fékk verkið verkefnanúmerið 3510 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á lagnaleið, ásamt því að skoða lagnaleið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Farið var á vettvang þann 5. nóvember síðastliðinn og svæðið tekið út. Skráðar voru tvær fornleifar í og við skráningarsvæðið.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningarsvæðið afmarkað með rauðri línu.

Skráningarsvæðið fylgir legu fyrirhugaðs rafmagnstrengs sem plægja á í jörð við Litla-Sandfell í Skriðdal, Múlaþingi. Skráningarsvæðið liggur á um 2,4 km lögnum kafla frá Víná að Ytra-Hvarfi. Leiðin liggur um heimatún Litla-Sandfells neðan við bæinn til suðurs yfir ræktað land ofan við Þjóðveginn. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Vegna þessa var tekið út 15 m svæði sitt hvoru megin við fyrirhugaða legu strengsins, 30 m breitt svæði í heildina. Engar friðlýstar fornleifar eru innan eða í nálægð við skráningarsvæðið. Fornleifaskráning hefur áður farið fram á litlum hluta svæðisins árið 2020 (Rannveig Þórhallsdóttir 2020). Eins fór fram svæðisskráning fornleifa í Skriðdal árið 1999 þar sem skráðar voru minjar út frá heimildum án vettvangsskoðunar (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir 1999).

Fornleifaskráning

Við fornleifaskráninguna voru helstu heimildir skoðaðar svo sem eldri skráningar, búnaðarrit, örnefnaskrár, túnakort, gamlar og nýjar loftmyndir o.s.frv. Ásamt þessu var gengið um allt svæðið og það skoðað á vettvangi. Við fornleifaskráninguna voru tvær fornleifar skráðar, Ranahús [3510-002] og stekkur [3510-001].

Litla-Sandfell

Getið er um Litla-Sandfell í Vilchinsmáldaga frá 1397, þar segir að kirkjan á Vallanesi eigi skógarteig í Sandfelli “hid næsta” og Sandfelli “hid efsta”, á hér trúlega við jarðirnar Stóra- og Litla-Sandfell (Íslenzkt Fornbréfasafn 4. bindi, bls. 204). Árið 1982 fannst kuml stutt norðan við eyðibýlið Mið-Sandfell sem liggur um miðja veginn á milli Litla- og Stóra-Sandells, og var það aldursgreint til 10-11. aldar og er ekki ósennilegt að byggð á Litla-Sandelli nái svo langt aftur (Guðmundur Ólafsson 2015). Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin 6 hundruð að dýrleika og í eigu Skriðuklausturs, var hún það trúlega til 1908 þegar hún var seld þáverandi ábúanda og hefur hún verið í bændaeign síðan (Jón Johnsen 1847:371; Ármann Halldórsson 1975:116). Töluverður

skógur er á jörðinni í Litla-Sandfellsskógi og var hann töluvert nýttur af mörgum jörðum í Skriðdal sem annaðhvort áttu ítök í skóginum eða fengu þar skógarhögg. Gamla túnið að staðnum var þýft og grasgefið, aðalengjar á nesinu og slegin voru gróin gil í skóginum. Engjar voru grasgefnar og sumar slegnar árlega og bar jörðin bú að meðalstærð áður fyrr (Ármann Halldórsson 1975:116).

[3510-001] tóft – stekkur

Minjarnar eru staðsettar neðan við heimreiðina að sumarhúsinu Ytra-Hvarf ofan við svokallaðan Bala. Stekkurinn er merktur inn á handteiknað örnefnakort Helga Hallgrímssonar af Litla-Sandfelli. Um er að ræða tvíhólfa stekk, 13x7 m að stærð með leguna gróflega austur-vestur. Hólfin tvö eru misstór, minna hólfið er austan megin og er um 2,5x1,3 m að stærð. Stærri hólfið liggur vestan megin, það er 6,2x2,7 m að stærð og gengt inn í það frá vestri. Veggútúr skilur hólfin tvö að og er hann nokkuð lægri en aðrir veggir stekksins, ekki var sjáanlegur inngangur á milli hólfanna tveggja en veggir eru orðnir nokkuð signir og grónir kjarri. Vegg hæð garðlagsins sem afmarkar stekkin er á bilinu 0,3-0,5 m og breidd um 1-2 m.



Mynd 1. Stekkur [3510-001], mynd tekin til norðvesturs.

[3510-002] heimild – Fjánhús – Ranahús

Í örnefnaskrá Grafar segir: „*Utan og neðan við bæ heitir Rani. Fremst á Rana var Fjánhús, kallað Ranahús*“ (Örnefnaskrá Litla-Sandfell, bls. 1). Minjarnar voru skráðar í svæðisskráningu FSÍ undir númerinu SM-053:002 (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir 1999:10). Örnefnið er að finna á



Mynd 2. Slétt tún þar sem áður stóðu Ranahús [3510-002], mynd tekin til norðausturs.

örnefnakorti LMÍ en við skoðun á eldri loftmyndum og túnakorti Litla-Sandfells fundust engin

greinileg ummerki um mannvirki í túninu. Sömu sögu var að segja á vettvangi, túnið á Rana er nokkuð hæðótt og dældótt en ekki sáust nein skýr ummerki um mannvirki og er það trúlega að öllu leyti horfið í sléttun.

Niðurstöður

Skráðar voru tvær minjar við fornleifaskráninguna nú, annars vegar stekkur [3510-001] og hins vegar heimild um fjárhús [3510-002]. Stekkurinn er vel greinilegur en engin ummerki sáust um fjárhúsið innan skráningarsvæðisins. Ekki sáust aðrar fornleifar innan skráningarsvæðisins en bent er þó á að fornleifar geti leynst undir sverði án þess að nokkur ummerki þeirra sjáist á yfirborði. Komi áður ókunnar fornminjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu skal samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Heimildaskrá:

Ármann Halldórsson (1975). *Sveitir og Jarðir í Múlapingi*. II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnes.

Guðmundur Ólafsson (2015). *Kumlafundur á Mið-Sandfelli í Skriðdal*. 2. útgáfa. Rannsóknarskýrslur Fornleifadeildar 1982. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Íslenzkt Fornbréfasafn 4. bindi (1897). Hið Íslenska Bókmenntafélag. S.L. Möller. Kaupmannahöfn.

Jón Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier. Kaupmannahöfn.

Landmælingar Íslands, loftmyndasafn, mynd: LMI-Kort-D28-8002.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). Menningarminjar í Skriðdal í Suður-Múlasýslu. Svæðisskráning. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS077-98086.

Rannveig Þórhallsdóttir (2020). *Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi, Skriðdalur og Vellir að Grímsá*. Sagnabrunnur ehf.

Örnefnastofnun, Örnefnaskrá, Litla-Sandfell, Skriðdalshreppur, Suður-Múlasýslu. Stefán Einarsson og Eiríkur Eiríksson skráðu.

Örnefnastofnun, Örnefnakort, Litla-Sandfell, Skriðdalshreppur, Suður-Múlasýslu. Helgi Hallgrímsson.

Viðauki I. Vegna Tilefnis



Kort 3. Afstaða stekks [3510-001] við fyrirhugaða legu strengsins.

Samantekt

Af þeim tveim skráðu minjum stafar aðeins stekki [3510-001] hættu af lagningu strengsins. Stekkurinn stendur undir lágri brekku þétt neðan við heimreiðina að sumarbústaðnum Ytra-Hvarf. Fyrirhuguð lega strengsins liggur um 3 m sunnan við minjarnar og því innan 15 m friðhelgi þeirra. Þar sem til stendur að leggja strenginn í veginn, áður raskað svæði, er það mat skráanda að nægilegar mótvægisáðgerðir séu þær að rækilega verði merkt fyrir minjunum á framkvæmdatíma svo koma megi í veg fyrir rask á þeim.

Samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast friðaðar fornleifar hvers kyns mannvistarleifar, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og er 100 ára og eldri. Í 21. gr. sömu laga segir enn fremur að fornleifar sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga,


aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Er því beint til framkvæmdaraðila að tillit sé tekið til fornleifanna og friðhelgi þeirra þegar ráðist verður í framkvæmdir á svæðinu. Hér hafa verið lagðar til mótvægisáðgerðir til að takmarka þá hættu sem stafaði af skráðum minjum á svæðinu, fela þær í sér að rækilega verði merkt fyrir minjunum á framkvæmdatíma svo tryggja megi að þær verði ekki fyrir raski. Það er Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Minjaskrá

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3510-001	garðlag	stekkur	friðað	greinanlegt	1500-1900	708180.205	515703.096
3510-002	heimild	fjárhús	friðað	horfið	1500-1900	707620.835	517628.710

Viðauki III. Minjakort

Minjakort



3510-002

3510-001

● Skráðar minjar

— Lega strengs

▭ Skráningarsvæði

0

0.5

1

1.5

2 km